

## Fundargerð 1

Þriðjudagur 22. sep. 2009 kl.10:05

### Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Ágúst, Stefanía, Díana, Hekla og Bolette

1. Hekla boðin velkomin í hópinn.
2. Rætt um skipulag og fundartíma.
3. Farið út í myndatöku.
4. Skrifuð frétt og send skólastjóranum til að setja á vefinn.
5. Næsti fundur verður þriðjudaginn 28. september .

Fundi slitið kl.10:15

## Fundargerð 2

Þriðjudagur 29. sep. 2009 kl.10:00

### Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Ágúst, Stefanía, Díana, Hekla og Bolette

6. Rætt um verkefnið sem unnin voru þegar Gámafélagið kom. Ýta þarf á eftir að þau verði hengd upp.
7. Ákveðið að leggja til að halda grænan dag miðvikudaginn 14. okt. Allir klæði sig í græn fót og nefndin hengi upp grænar skreytingar.
8. Á næsta fundi hefst undirbúningur fyrir græna daginn.

Fundi slitið kl.10:15

### Fundargerð 3

Þriðjudagur 5.okt. 2009 kl.10:40

#### Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Ágúst, Stefanía, Díana og Bolette

9. Nefndin skrifaði 3 auglýsingar um græna daginn.
10. Ákveðið að skrifa öllum foreldrum bréf. Það verður grænn dagur 14. okt. Allir mæti í grænum fötum. Til dæmis: buxur, peysur, spennur, kjólar, treflar, teygjur o.s.frv. Grænn dagur- græn fót - grænn skóli.
11. Á næsta fundi hefst undirbúningur fyrir græna daginn.

Fundi slitið kl.10:55

### Fundargerð 4

Þriðjudagur 20. okt. 2009 kl.10:00

#### Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Ágúst, Stefanía, Díana, Hekla og Bolette

12. Græni dagurinn gekk vel, þó að sumir gleymdu að koma í grænum fötum. Við vorum ánægð með skreytingarnar og þátttökuna.
13. Rætt um tunnur, stærð og staðsetningu. Tunnan við sparkvöllinn nýtist ekki nógu vel. Við þurfum að hengja skiltin upp aftur og festa þau betur.
14. Fram að næsta fundi ætlum við að hugsa um útlitið á bæklingi fyrir börn.

Fundi slitið kl.10:10

Fundargerð 5  
Þriðjudagur 27. okt. 2009 kl.10:00

Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Ágúst, Stefanía, Díana, Hekla og Bolette

15. Hugmyndir sem nefndin hefur um útfærslu á bæklingi fyrir börn:

1. Ruslatunnur sem hægt er að opna og sjá inn í (eins og barnabók).
2. Búa til myndasögu um rusl.
3. Skrifa fyrir niðan tunnurnar með stórum stöfum.
4. Líma eða teikna myndir á tunnurnar.

16. Hugmyndavinnunni verður haldið áfram næsta þriðjudag.

Fundi slitið kl.10:10

Fundargerð 6  
Þriðjudagur 10. nóv. 2009 kl.10:05

Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Ágúst, Stefanía, Díana, Hekla og Bolette

1. Rætt um barnabæklinginn. Ýmsar hugmyndir skoðaðar.
2. Fram að næsta fundi ætla allir að leita að myndum.
3. Okkur langar til að bæklingurinn verði prentaður út í lit.
4. Rætt um að nota paintforrit til þess að teikna tunnur.

Fundi slitið kl.10:15

## Fundargerð 7

Þriðjudagur 17. nóv. 2009 kl.10:04

### Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Ágúst, Stefanía, Díana, Hekla og Bolette

5. Allir höfðu verið að leita að ruslmyndum. Díana fór á google og þar voru nokkrar myndir, Hekla fann ruslapoka. Stefanía gleymdi að leita og Ágúst leitaði undir „bing“ og fann svolítið.
6. Bolette hafði teiknað tunnu í paint og ákveðið var að nota hana, en stækka hana.
7. Nefndin ætlar að leita meira, við skiptum þessu niður þannig að Hekla og Stefanía leita að efni í græna tunnu, Díana í brúna og Ágúst í gráa.
8. Senda á myndirnar á bolette@thjorsarskoli.is .Þannig verður öllu safnað saman og einn stað.

Fundi slitið kl.10:20

## Fundargerð 8

Þriðjudagur 2. des. 2009 kl.10:04

### Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Ágúst, Stefanía, Díana, Hekla og Bolette

9. Fórum í gegnum myndirnar sem nefndin hafði fundið og settum þær í möppu á usb lykli.
10. Ákveðið var að leita meira og safna fleiri myndum.

Fundi slitið kl.10:20

Fundargerð 9  
Þriðjudagur 5.janúar 2010 kl.10:04

Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Ágúst, Stefanía, Díana, Hekla og Bolette

11. Fórum í gegnum myndirnar sem nefndin hafði fundið og skoðuðum hvað okkur vantaði.
12. Ákveðið var að leita meira að mat, ávöxtum og fernum.
13. Díana og Hekla ætla að leita að ávöxtum, Ágúst að mat og Stefanía að fernum.
14. Bolette mun setja saman það sem komið er.

Fundi slitið kl.10:15

Fundargerð 10  
Þriðjudagur 19. janúar 2010 kl.10:02

Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Ágúst, Stefanía, Díana, Hekla og Bolette

15. Bolette sýndi nefndinni drög að bæklingnum.
16. Það vantar ennþá myndir og nefndin ákvað að reyna einu sinnu heima aftur áður en við notum meiri tíma í skólanum.
17. Bolette ætlar líka að finna myndir.

Fundi slitið kl.10:15

Fundargerð 11  
Þriðjudagur 2. febrúar 2010 kl.10:02

#### Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Ágúst, Stefanía, Díana, Hekla og Bolette

1. Nefndin skoðaði drög að bæklingnum, útprentuð og sett saman.
2. Bolette sendi, Heklu, Díönu og Stefaníu póst til þess að það gengi betur að senda myndir og nefndin ákvað að reyna einu sinnu heima aftur.
3. Umsókn um að endurnýja fánann á að vera tilbúin fyrir 1. mars.

Fundi slitið kl.10:15

Fundargerð 12  
Þriðjudagur 16. febrúar 2010 kl.10:00

#### Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Ágúst, Stefanía, Díana, Hekla, Hrafnhildur og Bolette

4. Nefndin skoðaði ný drög að bæklingnum, útprentuð og sett saman.
5. Nefndin þarf að athuga nammipoka, að hafa þá á réttan stað.
6. Við fórum yfir verkefni sem við höfum unnið í fyrra og nú í vetur.
  - a. Gátlistinn
  - b. Græni dagurinn
  - c. Skipulag skólalóðar
  - d. Settum pappír í moltutunnu
  - e. Vinna með bæklinginn

Fundi slitið kl.10:20

### Fundargerð 13

Þriðjudagur 23. febrúar 2010 kl.10:02

#### Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Andrea, Stefanía, Díana, Hekla og Bolette

7. Nefndin ákvað að hafa mynd af skólanum framan á bæklingnum.
8. Andreu fannst vanta eggjabakka í tunnuna, það var ákveðið að setja hann inn og einnig egg.
9. Bolette sagði frá að skýrslan er að verða tilbúin og þarf að senda hana fyrir 1. mars.

Fundi slitið kl.10:15

### Fundargerð 14

Þriðjudagur 16. mars 2010 kl.10:05

#### Umhverfisnefndarfundur

Mætt voru Ágúst, Stefanía, Díana og Bolette

10. Nefndin skoðaði bæklinginn og ákvað að hann væri tilbúinn til prentunar.
11. Nefndinni hefur verið boðið að taka þátt í opnum fundi um ruslamál hreppsins. Það er á mánudaginn kl 20:30. Ákveðið var að Ágúst tali og Stefanía og Díana stjórn power pointinu.
12. Bolette ætlar að tala við foreldra og hún ætlar líka að semja textann fyrir Ágúst.
13. Lítillega var rædd um fundinn sem við ætlum að hafa með stjórnendum grænfánaverkefninsins.

Fundi slitið kl.10:30

